



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Útdráttur úr M.L. ritgerð Sonju Bjarnadóttur

**Einkaréttarleg réttarúrræði í formi skaðabóta
vegna brota á samkeppnislögum/**

**Private Enforcement in the Form of Damages for
Infringement of Competition Law**

**Lagadeild Háskólans í Reykjavík
Vor 2008**

Leiðbeinandi: Heimir Örn Herbertsson hrl.

ÚTDRÁTTUR

Eitt af meginmarkmiðum virkrar samkeppni er að skila ávinningi til neytenda. Þegar fyrirtæki brjóta gegn samkeppnislögum geta neytendur orðið fyrir tjóni þar sem ávinningurinn flyst frá neytendum til fyrirtækjanna. Í slíkum tilvikum er mikilvægt að virk einkaréttarleg úrræði séu til staðar svo neytendur geti krafist skaðabóta. Einkaréttarleg úrræði geta á sama hátt og opinber úrræði haft þau varnaðaráhrif að vinna gegn því að fyrirtæki brjóti gegn samkeppnislögum og þannig tryggt virka samkeppni á markaði.

Í riti þessu verður könnuð réttarstaða einkaaðila sem verða fyrir tjóni vegna brota á íslenskum samkeppnislögum. Í því tilliti verður litið til þeirra réttarreglna sem gilda vegna slíks tjóns en einnig verður litið til þeirra dóma sem íslenskir dómstólar hafa kveðið upp þar sem skaðabótaréttur einkaaðila vegna samkeppnislagabrota hefur verið viðurkenndur. Með því verður kannað hvort réttarkerfið styðji nægilega við rétt þeirra til skaðabóta eða hvort þörf sé á ríkari réttarvernd.

Töluverð áhersla verður lögð á bandarískan samkeppnisrétt en skaðabótamál vegna samkeppnislagabrota eru talin mikilvægustu úrræðin til að framfylgja samkeppnislögum þar í landi enda um 95% samkeppnismála vegna lögsókna einkaaðila. Einnig verður litið til réttarstöðu einkaaðila í evrópskum samkeppnisrétti. Þá verður gerð grein fyrir opinberum réttarúrræðum í þeim þremur réttarkerfum sem til umfjöllunar eru enda tilheyra þau ásamt einkaréttarlegum úrræðum heildrænu kerfi með framfylgni samkeppnislaga.

Helstu niðurstöður þessa rits eru þær að réttarstaða tjónþola samkeppnislagabrota er ekki nægilega tryggð í íslenskum rétti. Sést það best á því að dæmdar bætur hafa hlutfallslega verið mjög lágar miðað við skaðabótakröfur stefnenda. Helsta vandamálið sem tjónþolar samkeppnislagabrota standa frammi fyrir er sönnun á umfangi tjóns. Í lok þessa rits eru því lagðar fram tillögur til bóta á réttarstöðu tjónþola samkeppnislagabrota sem auðveldað gætu málsókn slíkra tjónþola.

Ritgerðina er hægt að kaupa með því að hafa samband við Sonju Bjarnadóttur í gegnum netfangið: sonjabjarna@samkeppni.is

ABSTRACT

One of the main objectives of effective competition is to deliver benefits to consumers. When companies violate competition law, consumers suffer damage since those benefits transfer to the companies. In such instances it is important that effective private enforcement mechanisms are available in order for consumers to claim damages. Private enforcement can, in the same way as public enforcement, deter anti-competitive practices and help maintain effective competition.

In this thesis the legal status of private parties that suffer damages due to violation of Icelandic competition law will be analyzed. The rules of law that apply to such cases will be examined as well as the judgments of the Icelandic courts where damages have been acknowledged. Through such examination it will be analyzed whether the legal system sufficiently supports the rights of those victims or whether better protection of these rights is needed.

Considerable emphasis will be on antitrust law in the United States where private enforcement cases are the principal mechanism to enforce antitrust law since 95% of antitrust cases are brought by private plaintiffs. The legal status of private parties in the European Union will also be examined. Public enforcement will as well be outlined in the three legal systems being analyzed, since such measures along with private enforcement form a part of a common enforcement system.

The main finding of this thesis is that the legal status of private parties is not sufficiently protected in Icelandic law since awarded damages have been relatively low compared to the claim for compensation of the plaintiffs. The main obstacle that competition law victims have to deal with is proving the amount of damages suffered. Recommendations of measures that would improve the legal conditions and facilitate private enforcement are therefore given at the end of the thesis.